



Eru smektit og ættingjar óvinir viðloðunarefna? - Áfangaskýrsla 2. Hafdís Eygló Jónsdóttir, Erla María Hauksdóttir og Þorbjörg Hólmgeirsdóttir. Vegagerðin og Mannvit hf. – janúar 2022.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Safnað hefur verið steinefnasýnum úr efnishaugum úr nokkrum námum. Í rannsókninni er tveimur aðferðum með litarefni beitt. Annars vegar er notað staðlað blámapróf sem gert er á fínefnum, og hins vegar eru þunnsneiðar af steinefnakornum sem hafa farið í viðloðun litaðar með litarefninu. Niðurstöður forathugana gefa tilefni til að halda áfram þessum rannsóknum. Framundan er að gera stöðluð blámapróf á fleiri sýnum og greina sýnin nánar í þunnsneiðum, bæði ólituðum og lituðum með bláma.